

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Vatnsendahvarf – athafnasvæði 3. Tónahvarf 2. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 12. apríl 2022 breytingu á deiliskipulagi athafnasvæðis Vatnsendahvarfs, svæðis 3.

Í breytingunni felst að breyta lóðamörkum Tónahvarfs 2 þar sem lega Arnarnesvegur hefur verið færð til austurs. Lóðin minnkar úr 5.900 m² og verður eftir breytingu 3.750 m² að flatarmáli. Gert er ráð fyrir að byggingarreitur breytist og verður grunnflötur eftir breytingu 650 m². Hámarksbyggingarmagn verður óbreytt eða 3.800 m² þar af 3.000 m² í verslun og þjónustu. Hámarkshæð byggingarreits breytist úr þremur hæðum auk kjallara í fjórar hæðir auk kjallara. Hámarksvegghæð í gildandi deiliskipulagi er 15 metrar á norðurhlið sem breytist og verður 20 metrar og þakform er frjálst. Aðkoma og fjöldi bílastæða breytist og er gerð krafa um eitt bílastæði á hverja 100 m² atvinnuhúsnaðis og skal ekki reikna geymslur eða þjónusturými með inni í þeim tölum. Hámarksbyggingarmagn kjallara og niðurgrafinnar bílageymslu er 800 m².

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 30. ágúst 2022.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 31. ágúst 2022